

Stofnanasamningur

milli SFR – stéttarfélags í almannajónustu og Heyrnar- og talmeinstöðvar Íslands um reglur við röðun starfa.

Stofnanasamningur þessi er hluti af kjarasamning og er meðal annars ætlað að tryggja þróun og stuðla að skilvirkara launakerfi sem tekur mið af þörfum og verkefnum stofnunarinnar og starfsmanna hennar. Hann er útfærslu á tilteknum þáttum kjarasamnings og ætlað að mæta þörfum stofnunarinnar og starfsmanna með hliðsjón af eðli starfseminnar.

1. Gildissvið

Samkomulag þetta nær til allra félagsmanna í SFR sem eru í starfi hjá Heyrnar og talmeinstöð Íslands.

2. Markmið með samningnum eru

- að launakerfi stofnunar sér gagnsætt og ákvarðanir um launamál séu teknar með málefnalegum hætti.
- að launakerfið taki mið af starfsemi stofnunarinnar hverju sinni.
- að draga úr hlut yfirvinnu í heildarlaunagreiðslum
- að tryggja samkeppnishæfni við aðrar sambærilegar stofnanir eða fyrirtæki

3. Starfsflokkar og grunnröðun starfa

Launakerfi stofnunarinnar byggir á eftirfarandi störfum hjá félagsmönnum SFR. Við upphaf starfs skal taka tillit til eðlis starfsins og starfsmanni raðað í ramma í samræmi við það. Eftirfarandi launaflokkar skulu vera grunnröðun fyrir hvern starfsflokk:

Launaflokkur	Kröfur til starfsins
09 Símsvörun / ritari (afleysingar)	Stúdentspróf eða önnur haldgóð menntun sem nýtist í starfinu. Hæfni í mannlegum samskiptum, jákvætt viðhorf og aðlögunarfærni er nauðsynleg ásamt góðri tölvukunnáttu.
13 Móttökuritari	Stúdentspróf eða önnur haldgóð menntun sem nýtist í starfinu. Hæfni í mannlegum samskiptum, jákvætt viðhorf og aðlögunarfærni er nauðsynleg ásamt góðri tölvukunnáttu. Æskilegt að viðkomandi hafi reynslu af skráningarkerfinu Sögu og bókhaldskerfinu Tok ásamt reynslu af uppgjöri sjóðs.
15 Læknaritari	Löggilding sem læknaritari. Góð kunnáttu í einu norðurlandamáli og/eða ensku er mikilvæg
15 Móttökustjóri	Stúdentspróf eða önnur haldgóð menntun sem nýtist í starfinu. Hæfni í mannlegum samskiptum, jákvætt viðhorf og aðlögunarfærni er nauðsynleg ásamt góðri tölvukunnáttu. Æskilegt að viðkomandi hafi reynslu af skráningarkerfinu Sögu og bókhaldskerfinu Tok ásamt verkefnastjórnun.
15 Bókari	Stúdentspróf af viðskiptasviði ásamt reynslu af færslu bókhalds. Reynsla af afstemmingum er kostur. Góð reynsla af excel og outlook. Reynsla af tölvufærðu bókhaldi og forritum svo sem Oracle og TOK
16 Hlustastykkjasmíður	Nám í tannsmíði. Hæfni í mannlegum samskiptum er nauðsynleg ásamt góðri tölvukunnáttu.
20 Heyrnartæknir	Nám í heyrnarfræði eða annað háskólanám sem nýtist í starfi ásamt starfsþjálfun hjá HTÍ eða annarri heyrnardeild í að minnsta kosti 1. ár. Góð tölvukunnáttu er nauðsynleg ásamt góðri hæfni í mannlegum samskiptum

22 Aðalféhirðir	Háskólamenntun í viðskiptafræðum eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi. Góð tölvukunnátta og góð samskiptahæfni
24 Deildarstjóri heyrnarfræðinga	Nám í heyrnarfræði sem jafngildir BA/BS eða MSc gráðu og/eða BA/BS nám í öðrum greinum ásamt að minnsta kosti 5 ára reynslu af heyrnardeild. Góð tölvukunnátta er nauðsynleg ásamt góðri hæfni í mannlegum samskiptum. Æskileg er reynsla af mannaforráðum.

4. Viðbótarforsendur við mat í launaflokka

4.1 Starfsreynsla

Starfsmaður sem hefur öðlast starfsreynslu hjá stofnuninni skal hækka um launaflokka sem hér segir:

Starfsmaður með eins árs starfsreynslu skal hækka um 1 launaflokk., frá grunnröðun starfs

Starfsmaður með þriggja ára starfsreynslu skal hækka um 3 launaflokka, frá grunnröðun starfs

Starfsmaður með fimm ára starfsreynslu skal hækka um 4 launaflokka, frá grunnröðun starfs

Jafnframt skal meta starfsreynslu hjá öðrum ef hún nýtist í starfi og er því talin til starfsreynslu hjá stofnuninni að hluta eða öllu leyti.

4.2 Starfsnám/símenntun

Starfsmaður sem lokið hefur starfsmenntun, sem viðurkennd er af samningsaðilum, eða starfsmenntun/námskeiðum sem nýtast í starfi, skal hækka um launaflokka sem hér segir þegar eftirfarandi tímalengd er náð:

Starfsmaður skal, þegar 60 kennslustundum er náð, hækka um 1 launaflokk, talið frá grunnröðun starfs.

Starfsmaður skal, þegar 120 kennslustundum er náð, hækka um 2 launaflokka., talið frá grunnröðun starfs.

Starfsmaður skal, þegar 200 kennslustundum er náð, hækka um 3 launaflokka, talið frá grunnröðun starfs.

Starfsmenntun/námskeið, sem starfsmaður hefur aflað sér sl. 2 ár, skal metin á sama hátt.

4.3 Annað

Heimilt er að hækka starfsmann um launaflokka ef hann/starfið uppfyllir einhverjar neðangreindar forsendur:

- | | |
|---|---|
| * Starfið felur í sér sérstaka ábyrgð | * Starfið felur í sér flókin verkefni |
| * Starfinu fylgir kennsla eða leiðbeining annarra starfsmanna | * Starfinu fylgir ráðgjöf innan stofnunar eða utan. |
| * Starfinu fylgir sérstakt álag, viðvarandi eða árstíðabundið | * Starfsmaður sýnir hæfni til samskipta og samvinnu |
| * Starfsmaður sýnir góðan árangur í starfi | * Starfsmaður sýnir frumkvæði í starfi |
| * Starfsmaður sinnir starfi á fleiri en einni starfsstöð | |

Leggja skal fram í samstarfsnefnd skrifleg rök þar sem kemur fram hvaða forsendur er verið að taka tillit til.

5. Gildistími.

Gildistími samnings þessa er frá 1. febraúar 2007. Samkomulag þetta skal endurskoðað samkvæmt 11. kafla kjarasamnings SFR og fjármálaráðherra.

Reykjavík, 23. júní 2007

F.h. SFR – stéttarfélag í almannajónustu

F.h. Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands